

# Samræmd könnunarpróf í Garðaskóla 2013

---

Samræmd könnunarpróf fóru fram dagana 23. - 25. september 2013. Prófað var að venju í þremur greinum; íslensku, ensku og stærðfræði. Heildarfjöldi nemenda í 10. bekk í Garðaskóla er 131. Fyrir prófin fór bréf frá skólanum til forráðamanna nemenda sem rétt eiga á stuðningsúrræðum, 31 nemandi þáði stuðningsúrræði vegna ýmissa frávika s.s. lestrarerfiðleika. Fjórir nemendur voru með undanþágu frá öllum prófunum, þrír nemendur voru í leyfi og eitthvað var um veikindi.

Heildarþátttaka nemenda í hverju prófi fyrir sig í prósentum talið var eftirfarandi:

89% nemendur tóku próf í íslensku.

88% nemenda tóku próf í ensku.



86% nemenda tóku próf í stærðfræði.


Niðurstöður samræmdra prófa í íslensku, ensku og stærðfræði er hægt að skoða og bera saman á landsvísu. Í Garðaskóla er mikill metnaður fyrir því að árangur sé framúrskarandi í öllum greinunum og það hefur verið raunin í mörg ár. Fagstjórar, fagkennarar, sérkennarar og skólastjórnendur í Garðaskóla funda um niðurstöður prófanna um leið og þær birtast og ákveða aðgerðir í framhaldinu.

Kennarar og stjórnendur Garðaskóla skoða einstaka námsþætti á hverju prófi, meta hvaða þætti megi styrkja enn frekar og skilgreina leiðir til að ná þeim. Útkoma úr hverjum námsþætti er skoðaður með nemandanum sjálfum. Dæmi eru um að kennarar fari einstaklingslega yfir prófin svo hver og einn geri sér sem best grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum miðað við þær kröfur er gerðar eru á þessum tilteknu prófum. Einkunnir nemenda úr samræmdum prófum eru skoðaðar ásamt skólaeinkunnum á haustönn með það í huga að færa nemendur á milli námsferða um annarskipti ef ástæða þykir til. Sem dæmi um það má nefna að ef nemendur sem notið hafa námsversstuðnings sýna töluverðar framfarir verða þeir útskrifaðir þaðan og öðrum komið að sem sýnilega þurfa.

## Meðalárangur nemenda

Árangur nemenda Garðaskóla er góður og vel yfir landsmeðaltali í öllum greinum. Meðaltal Garðaskóla er jafn hátt eða hærra en meðaltal allra landshluta, (sjá myndir að neðan). Ekki hafa borist upplýsingar um normaldreifðar einkunnir en skýrsla Námsmatsstofnunar þar að lútandi mun koma út um áramót.








Eins og sést á myndunum er landsmeðaltalið í íslensku 5,9 þar er Garðaskóli er með 6,1. Landsmeðaltal í ensku er 7,0 þar sem Garðaskóli er með 7,3. Í stærðfræði voru einkunnir gefnar í bókstöfum í fyrsta sinn í ár og því ekki reiknuð meðaleinkunn. Hlutfallslega fleir nemendur í Garðaskóla eru með einkunnina A en í öðrum landshlutum og færri með C og D.

### Dreifing einkunna

Athyglisvert er að skoða hvernig einkunnir nemenda dreifast á einkunnaskalann. Metnaður Garðaskóla er að sem allra flestir nemendur nái einkunnum yfir 5 eða A og B. Undanfarin ár hefur stór hópur nemenda náð hæsta einkunnabilinu og metnaður skólans er að viðhalda þeirri stöðu.








Á myndritunum hér að ofan sést mjög vel að Garðaskóli á mun fleiri toppnemendur í öllum námsgreinum en landið í heild. Í íslensku eru 28% nemenda í Garðaskóla með 7,5 eða hærra á meðan það eru 20,5% af landinu með þessar einkunnir. Í ensku eru 55% nemenda í Garðaskóla með 7,5 eða hærra á meðan það eru 49% af landinu með þessar einkunnir. Á myndritum á bls. 2 og 3 sést að nemendur Garðaskóla eru mun fleiri með einkunnina A í stærðfræði þar sem 12% landsins var með þá einkunn en 21% Garðaskóla. Lág hlutfall nemenda fær einkunnina D miðað við alla landshluta.

## Kynjamunur

Á myndritunum hér að neðan má sjá gríðarlegan mun á milli kynja. Til dæmis í íslensku eru 92% stelpna með einkunnina 5 eða yfir en aðeins 65% stráka ná 5 eða og yfir. Í ensku eru 68% stelpna með 7,5 eða hærra á meðan 44% stráka ná því. Í stærðfræði eru 75% stelpna með annað hvort A eða B á meðan 60% stráka ná þeim einkunnum. Muninn má einnig sjá á lágum einkunnum, t.a.m. í stærðfræði eru 2% stelpna með einkunnina D en þar fá 15% stráka einkunnina D.



## Munurinn á strákum og stelpum í Garðaskóla Samræmt próf í stærðfræði 2013



Ólíklegt er að hægt sé að skýra slakari árangur drengja út frá einu sjónarhorni. Við verðum að skoða starfið í heild með það að leiðarljósi að bæta þann kynjamun er hér kemur fram. Garðaskóli mun skoða niðurstöður samræmdra prófa í ljósi þess er fram kemur um stöðu drengja og leita leiða til úrbóta. Skoða þarf skólastarfið í heild og bera saman við rannsóknir á kynjamun og skólastarfi.

Kennsluhættir geta skipt máli til að bæta stöðu drengja og um leið stöðu stúlkna. Fjölbreytt textaval skiptir máli til að kveikja áhuga á lestri og gott aðgengi að fjölbreyttu lesefni mikilvægt. Íslenskudeild Garðaskóla hefur í haust gert ákveðnar breytingar sem fylgst verður með og vonir standa til að bæti árangur stráka. Nemendur hafa meira val þegar kemur að verkefnagerð og við verkefnaskilum og áhersla hefur verið færð frá málfræði yfir á talað mál og ritun.

Þörf er á frekari aðgerðum til þess að minnka kynjamun á flestum sviðum skólastarfsins. Stjórnendur skólans munu skipuleggja umræðufundi fagmenntaðra starfsmanna til að kortleggja betur stöðu mála og leggja drög að frekari úrbótum. Fylgst verður með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í gegnum rýnifundi námsráðgjafa og skólastjórnenda og með greiningu á niðurstöðum skólaprófa og samræmdra prófa. Þáttur forráðamanna skiptir gríðarlega miklu máli og nauðsynlegt er að upplýsa þá um alla þætti málsins og kalla til samstarfs í verkefninu.

Garðaskóli hefur alla burði til að mæta þörfum allra nemenda. Fjölbreytt námsframboð og sveigjanleiki í námshraða gera skólanum kleift að sníða stundatöflur og einstaklingsnámskrár að hæfi langflesttra. Skólinn hefur áhuga á að efla úrræði fyrir nemendur með ADHD og byggja upp starfstengda list- og verknámsbraut við skólann. Þetta eru námsleiðir sem myndu svara þörfum nemenda sem nú ná neðstu einkunnaþrepunum á samræmdu prófunum og þar eru strákar í meirihluta í Garðaskóla sem og annars staðar.

## *Vangaveltur*

---

Samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði í upphafi skólaárs vekja oft mikla umræðu. Sú umræða hefur að nokkru leyti snúist um tilgang, tímasetningu, innihald og gagnsemi svo eitthvað sé nefnt. Viðhorf margra nemenda og forráðamanna er m.a. að prófin skipti engu máli eftir að þau hættu að vera viðmið inn í framhaldsskólana. Starfsmenn Garðaskóla hafa gert sitt besta til að viðhalda jákvæðu viðhorfi til prófanna. Umgjörðin í skólanum, þ.e. hvernig prófin eru tekin skiptir þar miklu máli. Sú breyting var gerð nú í haust að aðrir árgangar sóttu skóla meðan á samræmdum prófum stóð. Dagarnir voru brotnir upp með óhefðbundinni dagskrá. Það gerði það að verkum að færri starfsmenn voru til yfirsetu eða einn í hverri stofu í stað tveggja áður. Skipulagið gekk snuðrulaust fyrir sig, nemendum leið vel og fagmennska við próftöku sýnd.

Nemendur Garðaskóla sýna viðvarandi góðan árangur ár eftir ár í öllum greinum. Margar og mismunandi ástæður er örugglega fyrir því. Hugarfarið sem einkenndir skólann með það að leiðarljósi að gera góðan skóla betri hefur fylgt okkur í gegnum tíðina. Mikil fagmennska hefur einkennt starfið frá stofnun skólans. Fagstjórakerfið þar sem fagstjóri heldur utan um alla þætti í viðkomandi námsgrein og stjórnar teymi fagkennara skilar sér í góðri útkomu. Kennarar hafa verið áhugasamir um að endurmennta sig á sínu sviði og fylgjast mjög vel með kröfum aðalnámskrár og breytingum á henni. Náíð samstarf er milli fagdeilda í íslensku, ensku og stærðfræði við kennara í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Í gengum það samstarf hefur byggst upp

mikil þekking á kröfum og þörfum framhaldsskólans innan Garðaskóla. Þetta gerir skólanum kleift að undirbúa nemendur fyrir útskrift og framhaldsskóla bæði viðhorfslega og námslega.

Ferðakerfið þar sem komið er til móts við hvern nemanda á hans forsendum skiptir höfuðmáli í öllu skipulagi. Ferðakerfið hefur fest rætur og mikilvægt er að viðhalda því. Það styrkir ekki einungis þá nemendur sem þurfa meiri aðstoð heldur líka sterka nemendur sem eiga þess kost að sækja fjölbrautaáfangu og við þá sér þekkingu sem nýtist þeim í framhaldinu. Dæmi eru um að nemendur útskrifist úr Garðaskóla með allt að 21 framhaldsskólalæningu í farteskinu.

Meðal einkenna góðra skóla er stöðugleiki í starfsmannahaldi. Garðaskóli státar af slíku, hér starfa sömu fagkennararnir árum saman með það að markmiði að gera alltaf betur. Stuðningskerfið er gott og námsverið er mjög eftirsótt. Nemendur geta sjálfir sótt um að fá aðstoð í námsveri auk þess sem þeim er bent á það til að auka þekkingu sína á ákveðnum sviðum. Þess má geta að boðið hefur verið upp á valgreinar þar sem nemendur hafa getað styrkt stöðu sína í kjarna greinum s.s. íslensku og stærðfræði.

Kennarar hafa meðvitað stuðlað að jákvæðu viðhorfi til menntunar, hver í sinni grein. Sem dæmi má nefna að í stærðfræði í 8. árgangnum er stuðlað að því á þann hátt að gera vinnuna í stærðfræði þægilega fyrir nemendur t.d. með því að þeir hafi tækifæri til þess að ljúka heimavinnunni í kennslustundum. Með því verða nemendur jákvæðari í garð greinarinnar og það er forsenda þess að vel gangi.

Heildstæð móðurmálskennsla í íslensku skilar sér í betri skilningi á viðfangsefninu. Hlutirnir eru skoðaðir í heild, hver í samræmi við annan en ekki bútaðir niður. Margvísleg verkefni eru unnin út frá sama textanum og settir í samhengi. Mikil áhersla er lögð á lestur. Þess má geta að í hverri viku er sérstakur lestrartími þar sem nemendur lesa bækur að eigin vali, ræða um þær og skiptast á skoðunum. Lestur þessi skilar sér í betri lestrarkunnáttu á öllum sviðum. Nemendur lesa einnig á þennan hátt í ensku. Í stærðfræði, íslensku og ensku er áhersla lögð á að yfirferð um námsefni sé skipuleg og að grundvallaratriði séu tekin til umfjöllunar og úrvinnslu með



reglulegu millibili. Staðan er tekin með reglulegum verkefnum og könnunum þar sem fyrra nám er rifjað upp og síðan bætt ofan á með faglegum hætti.

Góð fagleg kennslufræðileg sýn einkennir skólastarfið og skilar þessum góða árangri. Starfsfólk Garðaskóla er staðráðið í að tryggja áfram gott utanumhald um nemendur, samvinnu allra starfsmanna, faglega sýn á viðfangsefnin og að styrkja kerfi sem hefur góðan sveigjanleika og metnað.

Sigurrós Á. Gunnarsdóttir  
Deildarstjóri 10. bekkjar